

Lagabreytingatillaga frá Ungmennáþingi 2020 um atkvæði ungmenna á Skátáþingi

19. grein laga BÍS hljóðar svo:

Rétt til setu á Skátáþingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátáþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátáþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunnildum BÍS sé að ræða.

B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátáþings

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Kjörbrefanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði sé dráttur á afhendingu tilkynnt tímanlega og henni fylgi skriflegur rökstuðningur. Kjörbrefanefnd skal meta hvað teljast gildar ástæður í þessu sambandi. Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátáþingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu. Kjörbref, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátáþings.

Hér með er lagt til að greinin hljóði svo:

Rétt til setu á Skátáþingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað og ~~æskilegt er að~~ minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára. Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunnildum BÍS sé að ræða.

B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátaþings

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Kjörbrefanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði sé dráttur á afhendingu tilkynnt tímanlega og henni fylgi skriflegur rökstuðningur. Kjörbrefanefnd skal meta hvað teljast gildar ástæður í þessu sambandi. Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátaþingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu. Kjörbref, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátaþings.

Greinagerð:

Ungmennaping skáta, sem haldið var 8. febrúar 2020, samþykkti að leggja fram sameiginlega lagabreytingatillögu frá Ragnheiði Silju Kristjánsdóttur um atkvæði ungmenna á Skátaþingi.

Ungmennu eru ekki bara fullorðið fólk í þjálfun. Þau eru einstaklingar með reynslu og skoðanir sem á að taka mark á. Það er álit ungmennapings að það sé orðið tímabært að gera það að skyldu að að minnsta kosti eitt atkvæði hjá félögum með A aðild fari til ungmenna yngri en 25 ára. Skilaboðin sem við erum að setja fram með því að hafa þetta ekki sem skyldu eru að við viljum bara að ungt fólk taki þátt í ákvarðanatöku innan BÍS þegar það er hentugt. Skilaboðin sem við ættum að vera að setja fram er að við viljum, **undantekningalaust**, fá skoðanir og álit ungs fólks í málefnum skátahreyfingarinnar. Eitt atkvæði **á að vera bundið** ungmenni til að tryggja að við séum að í alvörunni að gera það sem við segjumst vera að gera sem er að styrkja og virkja ungt fólk.

Samþykkt á ungmennafingi 8. febrúar 2020
Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir